



Kennari/ar: Guðfinna Gunnarsdóttir **Skammstöfun:** GG

Áfangalýsing: Í áfanganum þjálfast nemendur í undirstöðuatriðum leiklistar svo sem persónusköpun, spuna og látbragðsleik. Áhersla er lögð á að nemendur öðlist skilning á hinu fjölpætta eðli leiklistarinnar og hvernig hún tengist á órjúfanlegan hátt öðrum listgreinum. Kynnt eru hugtök og orðaforði sem tengist greininni. Nemendur eru þjálfaðir í ýmsum spunaaðferðum sem nýtast í leiklist. Unnið verður með sagnaadferðir og grímur, einnig tekist á við textavinnu og verkfærakista leikarans stækkuð. Einnig fá nemendur að kynnst Commedia del arte og tiplað verður á mismunandi aðferðafræði. Leikgleði og líkamleg meðvitund efst á baugi. Hópvinna, paravinna og einstaklingsvinna.

Markmið:

Þekkingarviðmið: Nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:

- grunnvinnu með persónusköpun.
- Grunnhugtökum í leiklist.

Leikniviðmið: Nemandi skal hafa öðlast leikni í:

- reyna á sig við úrlausnir verkefna í hópavinnu.
- lestri margs konar gerða af leiktexta
- að taka virkan þátt í spuna
- að tjá sig skýrt og geta gert grein fyrir aðferðum og útkomu verkefna.
- að skrifa dagbók fyrir bekkinn sinn.

Hæfniviðmið: Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- Fá tilfinningu fyrir líkama sínum og rödd sem verkfæri í leiklist.
- Öðlast skilning á rými og líkamsvitund.
- Vinna verkefni í hópavinnu.
- Ræða og vinna með grunnhugtök í leiklist.
- Vinna spunaverkefni og þróa áfram
- ræða um persónusköpun
- vinna með leiktexta
- öðlast öryggi og sjálfstraust á leiksviði.

Námsefni: Textar og annað efni frá kennara.

Áætlun um yfirferð og verkefnaskil:

Vika nr	Dagsetning	Námsefni - viðfangsefni	Próf og verkefni
34 - 35	17. – 29. ágúst	Kynning á áfanga/ hópefli/ umræður/leikir/tengingar/spuni	dagbók
36.	31.ágúst- 4. sept	Spuni- jákvæðni- hvernig segi ég sögu?	
37.	7.-11. sept	Stuttir spunar – æfingar í líkamsbeitingu	
38.	14.-18. september	Líkaminn – forvinna vegna grímuvinnu – hlustun - hópvinna	
39.	21.sept- 25. Sept.	Grímuvinna – saga - hópvinna	
40.	28. sept. – 2. okt	Persónusköpun – rýmisvinna – taktur - status –	Undirbúa heima
41.	5. okt – 9. okt	Gerum góðverk – persónur – hot seat	góðgerðarvika
42.	12.ok. – 16. okt	Textavinna – senur – hvað er texti? Raddbeiting - fókus	
43.	19.okt. – 23. okt	Vinna með texta /orð - spuni	Koma með efni
44.	26.okt – 30. okt	Stefnmörkun fyrir opinn tíma – lengri spuni - æfingar	Koma með efni
45.	2. nóv – 6. nóv	Undirbúningur f. Opinn tíma	
46	9. nóv. – 13. nóv	Undirbúningur f. Opinn tíma	
47	16. nóv – 20. nóv	Opinn tími – uppgjör og viðtöl – lokaverkefni kynnt	
48.	23.nóv – 27. nóv	lokaverkefni	
49.	30. nóv.- 4.des.	Lokaverkefni - skilátímar	

Unnið verður jafnóðum með stöðugum æfingum sem kennari metur inn í einkunn. Nemendur vinna eitt lokaverkefni út frá þeim æfingum sem þeir hafa lært. Einnig verður útfært verkefni í textavinnu og boðið upp á opinn tíma.

Nemendur vinna ígrundunarbók sem þeir skrifa í alla önnina, bókin á að endurspegla skilning á þeim þemum sem tekin eru fyrir í kennslu. Nemendur skila bókinni til yfirferða 2 sinnum á önninni. Opinn tími í lok annar liggur til grundvallar við mat á framförum á önninni.

Nemendur skila ígrundunarbók í lok annar.

Sérreglur áfangans: Mjög mikilvægt er að nemendur mæti í alla tíma með bros á vör og jákvæðni að leiðarljósi. Tímaástundun spilar stóran þátt í árangri og vinnu. Mikil hreyfing er í áfanganum og því mikilvægt að nemendur mæti í tíma í þægilegum klæðnaði.

Námsmat:

Námsmat	Lýsing	Vægi
Vinnulag nemanda	Vinna á önninni miðast við frammistöðu, áhuga og atorkusemi í tímum, einbeitingu, mætingu, framfarir og undirbúning. Framlag í sameiginlega dagbók.	40%
Persónuvinna	Hlustun, rödd, líkamsbeiting, einlægni, undirbúningur.	30%
Ígrundunarbók	Dagbók þar sem nemendur skrifa um hvað var gert og hvernig nemandi metur það sem lærðist.	15%
Lokaverkefni/greinagerð	Persónulegur gjörningur/verkefni	15%

Kennsluáætlun er gerð með fyrirvara um breytingar. Guðfinna Gunnarsdóttir.